

Veðrabrigði

Kennsluáætlun í sjónlistum fyrir nemendur á unglingastigi

Um áfangann:

- ✚ Áfanginn er ætlaður sem listgreinakennsla fyrir nemendur í á unglingastigi
- ✚ Námskeiðinu er ætlað að vekja áhuga og skilning barna á veðurfræði
- ✚ Námsfnið hvetur til upplifunar á hljóði, áferð, snertingu, vindum, hitastigi og birtustigi undir berum himni

Kennslufyrirkomulag:

- ✚ Námskeiðinu er skipt í 3 kennslustundir, hver þeirra er 2x40 mínútur
- ✚ Hverri kennslustund er skipt í 3 hluta. Fyrsti hluti er innlegg frá kennara, í formi glærुकynningar eða hugleiðslu. Annar hluti er göngutúr. Þriðji hluti kennslustundar fer svo fram í kennslustofunni þar sem nemendur vinna að verklegum verkefnum

Fyrsti tími: Veðrið og orðin

- ✚ Kennari hefur tímann á stuttri glærुकynningu þar sem hann fer yfir helstu veðurfræðitákn og hugtök sem birtast okkur í veðurspám
- ✚ Síðan sýnir kennari veðurspá dagsins af vedur.is og ræðir við nemendur um hvernig veðrið eigi að vera í dag
- ✚ Nemendur og kennari halda svo saman í göngutúr um nærumhverfið í 20 -40 mínútur
- ✚ Á meðan göngunni stendur ræðir kennari við nemendur um hvernig þau upplifa veðrið
- ✚ Umræðupunktur fyrir kennara: “Suðaustan 8-13 m/s og dálítill rigning eða súld. Lægir í kvöld, hæg suðlæg átt og stöku smáskúrir á morgun. Hiti 5 til 10 stig”. Hvaðan kemur suðaustanáttin í mínu hverfi? Hvað er súld og hvernig upplifi ég súld? En suðlæg átt? Hvernig þarf ég að klæða mig í 5-10 gráðum þegar það er suðaustan 8-13 m/s? Hvernig upplifi ég veðrið? Hvaða orð detta mér í hug til að lýsa þeim tilfinningum sem tengjast

Margrét Helga Sesseljudóttir
Ólöf Guðmundsdóttir
Örk Guðmundsdóttir

veðrinu í dag. Eru vindstigin/rigningin/súldin/hitastigið eins og ég hélt eftir lestur á veðurspánni? Hvernig líður mér í svona veðri?

- ✚ Þegar göngunni lýkur fara nemendur aftur í kennslustofuna og vinna að skapandi skrifum
- ✚ Nemendur og kennari skrifa saman lista með öllum veðurorðunum sem þeim dettur í hug
- ✚ Að lokum skrifa nemendur smásögu þar sem veðrið er og útivera er í forgrunni. Sagan verður að innihalda að minnsta kosti fimm veðurfræðihugtök og fimm orð sem lýsa tilfinningum
- ✚ Nemendum er boðið að lesa upp söguna sína ef þeir vilja

Annar tími: Veðrið og myndirnar

- ✚ Kennari hefur tímenn á stuttri glærusýningu þar sem hann sýnir verk eftir listamenn sem hafa málað myndir af veðrinu
- ✚ Kennari og nemendur halda út í göngutúr, með vatnsliti, vatnskrukkur, pensla og pappír
- ✚ Þau fá sér sæti og horfa í kringum sig og velta fyrir sér veðrinu og ímynda sér hver andstæða þessa veðurs sé. Td. Hver er andstæðan við gráan himinn og fölnað gras? Hver er andstæðan við kaldan gust og nýútsprungin blóm?
- ✚ Síðan mála þau mynd af umhverfinu með áheyrslu á veðrið sem þau upplifa
- ✚ Eftir að göngutúrnum líkur fara nemendur aftur inn í kennslustofu og mála þá mynd af andstæða veðrinu
- ✚ Tímenn endar á því að nemendur skoða saman og ræða um myndirnar á uppbyggilegum nótum

Þriðji tími: Veðrið og líkaminn

- ✚ Tímenn hefst á því að nemendur leggjast á gólfið og kennari leiðir nemendur í gegnum hugleiðslu með veðurlýsingum
- ✚ Kennari fer með nemendur í göngutúr þar sem kennari heldur uppi umræðum um hvernig þeim líður í dag og hvort að veðrið hafi áhrif á hvernig þeim líður.
- ✚ Þegar nemendur snúa til baka í kennslustofuna fara þeir í leiki byggða á hugmyndafræði Augusto Boal þar sem þau leika einföld hugtök og orð sem tengjast veðri og tilfinningum

Hæfniviðmið:

- ✚ Að nemendur geti unnið sjálfstætt
- ✚ Tjáð skoðanir eða tilfinningar í gegnum eigin sköpun
- ✚ Lagt mat á eigin verk og sýnt skilning á vönduðum vinnubrögðum og geti tjáð sig og sínar hugsanir og vangaveltur í gegnum sköpun sína.
- ✚ Lesið og sagt frá hugtökum úr veðurspá í máli og myndum og greint á milli mismunandi veðurafbrigði.
- ✚ Að nemendur hafi skilning á áhrifum veðurs á umhverfið og skilning hvernig má túlka og útfæra veðurathuganir yfir í hugmyndavinnu sköpun verks.
- ✚ Aflað upplýsinga úr umhverfinu, veðrinu og unnið úr þeim og nýtt við gerð verks
- ✚ Lesið úr einföldum myndrænum upplýsingum og túlkað

Námsmat:

Leiðsagnarmat:

- ✚ Byggt á þátttöku í tímum og verklegum æfingum
- ✚ Kennari styðst við gátlista við mat á vinnubrögðum nemenda
- ✚ Kennari styðst við matslista fyrir greiningu og mat á umræðum í skólastofu til að meta þátttöku nemenda í umræðum

Sjálfsmat:

- ✚ Nemendur eru hvattir til að tjá sig um eigin verk í lok hvers tíma
- ✚ Í síðasta tíma áfangans fá þau eyðublað til að fylla út, þar sem þau meta eigin frammistöðu í áfanganum, hvað þau lærðu og hvað hefði mátt fara betur

Hvaða hæfni þarf að sýna:	Einkunn:
Nemandi hefur góðan skilning á áhrifum veðurs á umhverfið og á eigin líðan. Nemandi spyr gagnrýnna spurninga og getur séð viðfangsefnið frá mismunandi áttum. Sýnir fram á hugmyndaauðgi og hugrekki í verklegri vinnu. Sýnir vönduð vinnubrögð í verklegri vinnu. Er tilbúinn að læra af mistökum sínum. Hefur skýra sýn á eigin verk og getur rætt um þau. Sýnir góða umgengni og frágang.	A
	B+
Nemandi sýnir nokkurn skilning á áhrifum veðurs á umhverfið og á eigin líðan. Nemandi spyr spurninga og hlustar á ólíkar skoðanir. Sýnir fram á nokkra hugmyndaauðgi og vilja í verklegri vinnu. Reynir að vanda sig í verklegri vinnu. Er nokkuð opinn fyrir því að læra af mistökum sínum. Getur greint að einhverju leyti frá eigin verkum. Sýnir ágæta umgengni og frágang.	B
	C+
Nemandi hefur einhvern áhuga á áhrifum veðurs á umhverfið og á eigin líðan. Nemandi fylgist að einhverju leyti með í tímum og hlustar á ólíkar skoðanir. Hefur lítið frumkvæði í verklegri vinnu. Leggur sig ekki mikið fram við verklega vinnu. Hefur einhvern vilja til að læra af mistökum sínum. Á erfitt með að tala um eigin verk. Þyrfti að temja sér snyrtilegri umgengni og frágang.	C
	D

Matslisti fyrir greiningu og mat á umræðum í skólastofu:

Nafn:	Alltaf	Oftast	Sjaldan	Nánast aldrei
Skýrir mál sitt vel				
Heldur sig við efnið				
Hlustar á aðra				
Tekur virkan þátt				
Spyr góðra spurninga				
Styður aðra				
Styður mál sitt með rökum				
Leggur sig fram um að komast að niðurstöðu				

Margrét Helga Sesseljudóttir
Ólöf Guðmundsdóttir
Örk Guðmundsdóttir

Listalestin - List fyrir alla
Vorönn 2020

Listinn er fenginn af heimasíðu Ingvars Sigurgeirssonar, Hugmyndabanki fyrir mat á skólastarfi og námsmat. Slóð: <https://notendur.hi.is/ingvars/namsmat/matsbanki/matslumraedur1.htm>.

Gátlisti fyrir mat á vinnubrögðum:

Nafn	Sjálfstæð(ur)	Kemur sér fjótt að verki	Iðin(n)	Skilar góðu verki	Hefur hugmyndaflug	Skapandi	Sjálfsgagnrýni	Gerir kröfur til sín

Listinn er fenginn af heimasíðu Ingvars Sigurgeirssonar, Hugmyndabanki fyrir mat á skólastarfi og námsmat. Slóð: <https://notendur.hi.is/ingvars/namsmat/matsbanki/gatlvinnubr1.htm>.

Margrét Helga Sesseljudóttir
Ólöf Guðmundsdóttir
Örk Guðmundsdóttir